

# Fréttatilkynning

Reykjavík 17. febrúar 2003

## **Blóðbankinn tekur formlega í notkun nýtt gagnvirt blóðgjafaboðunarkerfi sem þróað er af Framtíðartækni**

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra tók í dag formlega í notkun nýtt sjálfvirk blóðgjafaboðunarkerfi fyrir Blóðbankann. Kerfið er hannað af Framtíðartækni ehf. Með kerfinu, sem gengur undir nafninu **REV – Blood Donor**, er hægt að boða blóðgjafa með tölvupósti, SMS og WAP í GSM síma. Það sem er einstakt við hið nýja kerfi Framtíðartækni er að það er gagnvirk þannig að blóðgjafar eiga þess kost að svara boðuninni og segja til um hvaða dag þeir vilja koma í blóðgjöf.

Með hinum nýju boðunarleiðum sér Blóðbankinn tækifæri í því að auka skilvirkni bankans. Væntingar eru einnig um að innleiðing kerfisins muni leiða til verulegs sparnaðar þegar til lengri tíma er litið. Blóðbankinn vonast því til að blóðgjafar muni nýta sér kerfið og vill hvetja þá til að nýta sér þessar nýju boðunarleiðir því þær auka skilvirkni í Blóðbankanum og bæta þjónustu hans.

Samstarf Framtíðartækni og Blóðbankans hófst síðastliðið sumar þegar þessir aðilar gerðu með sér samning um þróun lausnarinnar. Búið er að laga **REV - Blood Donor** að upplýsingakerfi Blóðbankans og prófa kerfið. Með samstarfi Framtíðartækni og Blóðbankans hafa orðið til þekkingarverðmæti sem væntingar eru um að megi selja til blóðbanka víða um heim. Það sem gerir lausn Framtíðartækni einstaka er sá hluti hennar sem lýtur að hinum gagnvirku samskiptum við blóðgjafana. Forsvarsmenn Framtíðartækni vonast til að það þekkingarforskot muni til lengri tíma greina **REV -Blood Donor** frá öðrum valkostum á markaðinum.

Markaðssetning kerfisins er hafin og standa fyrir dyrum kynningar til blóðbanka í Bretlandi, Norðurlöndum og öðrum löndum í N-Evrópu. Mikill áhugi er hjá Blóðbönkum á því að bæta samskipti við blóðgjafa og yngja blóðgjafahópinn. Kostnaður við öflun blóðgjafa vex stöðugt og meðalaldur gefenda hefur verið að hækka. Á sama tíma fer þörf á jafnri og stöðugri þjónustu blóðbanka vaxandi. Erlendar rannsóknir sýna að yngri blóðgjafar kjósa, öðrum hópum fremur, aðrar boðunarleiðir en símhringingar. Því er það von Framtíðartækni að blóðbankar sjái tækifæri í að fjárfesta í lausn sem gefur tækifæri til að yngja og stækka blóðgjafahópinn og senda skilaboð á því formi sem hver og einn kys – auk þess sem sparnaður er verulegur.

Leiðbeiningar um notkun kerfisins má finna á vef blóðbankans [www.blodbankinn.is](http://www.blodbankinn.is)

Nánari upplýsingar veita:

Bogi Þór Siguroddsson, stjórnarformaður Framtíðartækni í síma 896 0259  
Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans í síma 824 5465